



Styrkhafar Vísindasjóðs Landspítala

Á vísindum á vordögum þann 26. apríl 2016 úthlutaði Vísindasjóður Landspítala 54 milljónum til 81 vísindaverkefnis.



Hvatningarstyrkhafarnir: Ingibjörg Gunnarsdóttir, Páll Torfi Öundurson og Viðar Örn Eðvarðsson ásamt Páli Matthíassyni forstjóra og Rósu Björk Barkardóttur, formanni vísindaráðs

Hvatningarstyrkir til þriggja sterkra rannsóknarhópa

Forstjóri Landspítala afhenti þrjú fimm milljóna króna hvatningarstyrki úr Vísindasjóði Landspítala við athöfn í Hringisal 30. nóvember 2016.

Styrkirnir eru veittir sterkum rannsóknarhópum á spítalanum sem þegar hafa öðlast alþjóðlega viðurkenningu. Að þessu sinni bárust þrjár umsóknir. Forystumenn rannsóknarhópanna tóku við styrkjunum og kynntu rannsóknir sínar.

Ingibjörg Gunnarsdóttir, deildarstjóri næringarstofu og prófessor
Þróun einstaklingsmiðaðrar næringar meðferðar á meðgöngu.
Development of a personalised nutrition therapy in pregnancy.

Páll Torfi Öundurson, yfirlæknir blóðmeinafræðideildar og prófessor
Fix prothrombintími til mælingar og stýringar á blóðþynningarlyfjum.
Fix prothrombin time for measurement and monitoring of anticoagulation.

Viðar Örn Eðvarðsson sérfræðilæknir og dósent
Nýrnasteinasjúkdómur: Faraldsfræði, erfðafræði og klíniskur gangur.
Kidney Stone Disease: Epidemiology, Genetics and Clinical Outcomes.



Magnús Gottfreðsson, yfirlæknir vísindadeildar Landspítala og prófessor við læknadeild Háskóla Íslands

Vísindi á Landspítala – hvert stefnir?

Á árinu 2016 var Landspítali enn sem fyrr mikið í fréttum. Fréttirnar voru því miður oft neikvæðar; m.a. um mikið álag og húsnæðisvanda. Það er því gleðilegt að einnig hafi verið töluvert af jákvæðum fréttum og ber þar hvað hæst fréttir af rannsóknum og vísindastarfi. Sem dæmi um metnaðarfull verkefni sem hófust á árinu eru tvær umfangsmiklar rannsóknir þar sem spítalinn kemur mjög við sögu, annars vegar meðferðarátak gegn lifrabólgu C á landsvísu og hins vegar rannsókn á illkynja blóðsjúkdómi sem fékk heitið Blóðskimun til bjargar.

Segja má að spítalinn sé eitt stærsta þekkingarfyritæki landsins. Nýjar yfirlitstölur fyrir árið 2016 benda til að fjöldi birtra vísindagreina eftir starfsmenn hér hafi aukist frá árinu 2015 og er það vel en margir hafa haft áhyggjur af dvínandi vísindaáhuga í kjölfar efnahagsbruns og skertra fjárveitinga um árabíl. Vert er að hafa í huga að fjöldi birtinga er þó ekki einhlítur mælikvarði á gæði vísindastarfs. Nánari greining á þessum tölulegu upplýsingum bendir til að hlutverk spítalans sem góðs samstarfsaðila fari vaxandi en að frumkvæðisverkefni innanhúss standi í stað eða séu jafnvel á undan-

haldi. Lengri tíma þarf til að átta sig betur á þróuninni en hafa skal í huga að verkefni þar sem starfsmenn spítalans eru í leiðandi hlutverki eru líklegri til að skilja eftir sig varanlegan ávinning í formi þekkingar og bættra vinnubragða.





Annar mælikvarði sem vert er að fylgja eftir er fjöldi umsókna um vísindarannsóknir til siðanefnda, en nefndirnar eru þrjár. Fjöldi umsókna til Vísindasiðanefndar hefur dregist nokkuð saman miðað við árin á undan en nokkur fjölgun átti sér stað á umsóknum til siðanefndar heilbrigðisrannsókna og siðanefndar stjórnsýslu.


Yfirlitstölur um styrkuppþæðir sýna jafnframt að starfsmenn spítalans hafa staðið sig vel í að afla bæði innlendra og erlendra styrkja. Eitt af meginmarkmiðum bæði heilbrigðisyfirvalda og spítalans ætti að vera að tryggja fjármögnun öflugs og þróttmikils vísindastarfs, sjúklingum og starfsmönnum til heilla.

Það er ekki einfalt að átta sig á núverandi stöðu mála hvað varðar vísindahlutverk spítalans. Hvert stefnir málaflokkurinn? Allir stjórn málaflokkar virðast vera sammála um að efla heilbrigðiskerfið en fjármögnun kerfisins í heild er hins vegar ófullnægandi, þ.m.t. hér á LSH og þá ekki aðeins fjármögnun hins hefðbundna þjónustuhlutverks heldur einnig þess hluta sem snýr að rannsókna- og menntahlutverki stofnunarinnar.

Erlendis er vísinda- og menntahlutverk háskólaspítala skilgreint sérstaklega enda er um viðbót að ræða við þær hefðbundnu skyldur sem sjúkrahúsum er ætlað að standa undir. Hér er því ekki til að dreifa heldur er spítalanum ætlað að sinna öllum sínum margbreytilegu hlutverkum innan fyrirfram ákveðins fjárhagsgramma sem sagan sýnir að er ekki alltaf í fullum tengslum við raunveruleikann. Undir slíkum kringumstæðum er hætt við að vísindi og menntun sé látin sitja á hakanum. Mikilvægt er að breyta þessu og gera ráð fyrir sérstakri fjárhagsáætlun á þessu hlutverki í framtíðinni enda er afar óheppilegt að innan sömu stofnunar sé togast á um fé til klínískrar þjónustu annars vegar og vísinda og mennta hins vegar.

Þegar fram í sækir mun uppbygging vísinda- og menntastarfs gera spítalanum auðveldara um vik að laða að hæfara starfsfólk. Vert er að hafa í huga að vísindastarf framtíðarinnar verður borið uppi af þeim sem nú eru enn í námi og því mikilvægt að þessi vinnustaður hafi góða og jákvæða ímynd í huga þeirra enda viljum við fá hæft fólk til starfa að grunn- og framhaldsnámi loknu. Stuðningur við vísindastarf er þannig eitt mikilvægasta mannaúsmál stofnunarinnar þegar lítið er fram á veginn. Þá er sú vísa aldrei of oft kveðin að sjúkrahús sem einnig sinna vísindum og menntun af alúð og metnaði ná jafnframt betri árangri í klínískri þjónustu.





Einar Stefán Björnsson, yfirlæknir og prófessor

Heiðursvísindamaður Landspítala 2016

Einar Stefán Björnsson, yfirlæknir og prófessor var valinn heiðursvísindamaður Landspítala árið 2016. Honum hlotnaðist sá heiður á hinum árlegu Vísindum á vordögum, í Hringal á Landspítala 26. apríl.

Einar lauk læknaprófi frá Háskóla Íslands 1989 og sérfræðiprófi í lyflækningum 1993 og meltingarlækningum 1995 frá Sahlgrenska háskólasjúkrahúsinu í Gautaborg. Lauk doktorsprófi frá Gautaborgarháskóla 1994 og var post-doc Research Fellow við University of Michigan í Ann Arbor 1996-1997. Vann síðan á Sahlgrenska frá 1997-2008 en var við John Radcliffe Hospital Oxford í Bretlandi árið 2001. Árið 2006 var hann settur prófessor við læknadeild Gautaborgarháskóla. Var gestaprófessor við Mayo Clinic í Rochester í Minnesota 2006 og 2008-2009. Var einnig gestaprófessor í rannsóknarleyfi við NIH, í Bethesda í Maryland 2014-2015.

Varð yfirlæknir í meltingarlækningum á Landspítala árið 2009 og samtímis prófessorstöðu í sömu grein við Háskóla Íslands. Einar hefur sýnt lyfjamálum áhuga lengi. Var formaður lyfjanefndar um notkun lyfja við meltingarsjúkdómum í Gautaborg frá 1999-2007. Einar var einnig formaður lyfjanefndar Landspítala 2010-2014. Einar er „executive“ ritstjóri Scandinavian Journal of Gastroenterology frá 2013.

Einar hefur verið virkur í vísindastörfum og birt meira en 200 greinar og einnig fjölda bókakafla, sjúkralitfella og ritstjórnargreina. Hann hefur verið leiðbeinandi 7 einstaklinga sem varið hafa doktorsritgerðir auk fjölda meistara- og læknana í rannsóknarverkefnum. Hann hefur kynnt meira en 300 ágríp á alþjóðlegum vísindaráðstefnum og haldið fjölda boðsfyrirlestra. Einar hefur samkvæmt Google Scholar meira en 12.300 tilvitnanir (h-index 65).

Rannsóknir Einars eru af margvíslegum toga. Doktorsritgerðin var á sviði hreyfinga í efri hluta meltingarveggar (e. Gastrointestinal motility). Eftir það beindust rannsóknir hans um skeið að starfrænum kvillum í meltingarvegi en síðan að ýmsum lifrarsjúkdómum. Mikil áhersla var og er lögð á klínískar rannsóknir á lifrarskaða af völdum lyfja en einnig á notkun og ávanabindandi eiginleika prótónupumpuhemla.



Einar Stefán Björnsson heiðursvísindamaður Landspítala 2016 og Ólafur Baldursson, framkvæmdastjóri lækninga

Ungur vísindamaður ársins 2016

Óla Kallý lauk BS próf í líffræði frá Háskóla Íslands árið 2005, MS prófi í næringarfræði 2008 og doktorsprófi frá sama skóla árið 2014.

Heiti doktorsverkefnis hennar var „Heilkorn - mikilvægur hluti af heilsusamlegu norrænu mataræði. Lífvísar fyrir neyslu heilkornahveitis og -rúgs.“ Meginmarkmið doktorsritgerðarinnar var að auka þekkingu á notkun alkýlresorsínóla sem lífvísa fyrir heilkornahveiti og -rúg í heilsusamlegu norrænu mataræði og meta tengsl þeirra við sykurefnaskipti og styrk blóðfitu. Auk þess var metinn fýsileiki þess að framkvæma íhlutun með hárrí neyslu á heilkornarúgi meðal Íslenskra karla sem neyta að jafnaði lítills magns af heilu korni.

Óla Kallý starfar á næringarstofu Landspítala og sinnir þar einstaklingum með sykursýki og næringu aldraðra ásamt því að starfa á sykursýkismóttöku Heilbrigðisstofunnar Suðuresja. Frá útskrift hefur Óla Kallý tekið þátt í endurskoðun og uppsetningu sjúkliganámskeiða á göngudeild sykursýki og undirbúningi rannsókna til að meta árangur þeirra. Hún hefur unnið að ritun klínískra leiðbeininga fyrir næringarmeðferð einstaklinga með sykursýki af tegund 2.

Auk þess hefur hún unnið að rannsókn á matarsóun og vannæringu sjúklinga á öldrunardeildum á Landakoti í samvinnu við nemendur í meistaranámi í næringarfræði. Einnig hefur hún tekið virkan þátt í nefndarstörfum fyrir Matvæla- og næringarfræðafélag Íslands. Hún hefur leitt samtal næringarfræðinga sem sérhæfa sig í næringarmeðferð við sykursýki við faghóp hjúkrunarfræðinga sem sinnir meðferð við sykursýki í því skyni að efla teymisvinnu og leggja grunn að framtíðarrannsóknum sem miða að því að bæta þjónustu við einstaklinga með sykursýki.



Óla Kallý, ungur vísindamaður ársins 2016, og Auðna Ágústsdóttir, verkefnastjóri á menntadeild



Óla Kallý Magnúsdóttir, ungur vísindamaður Landspítala 2016

Óla Kallý hefur annast stundakennslu við Háskóla Íslands auk þess að leiðbeina nemum í starfsnámi og rannsóknartengdu framhaldsnámi. Hún hefur hlotið rannsóknarstyrki frá Rannís (Rannsóknánámssjóður Rannís) og úr Vísindasjóði Landspítala. Hún hefur þegar birt 5 ritrýndar greinar í erlendum tímaritum.

Merking greina

Landspítali - The National University Hospital of Iceland er heiti Landspítala á ensku og þannig ber að merkjja vísindagreinar.

Stundum er ranglega farið með nafn Landspítala. Stundum merkjja höfundar líka greinar sínar einungis Háskóla Íslands eða jafnvel hvorugri stofnuninni. Rétt merking auðveldar leit í gagnagrunnum að greinum starfsmanna Landspítala.

Vísindavirkni Landspítala verður sýnilegri ef rétt er staðið að merkingu og skráningu greina.

Opinn aðgangur

Starfsmenn eru eindregið hvattir til að birta greinar sínar í opnum aðgangi. Það eykur mjög lestur greinanna og tilvísanir í þær og hækkar þannig h-index höfunda í Web of Science. Einnig flýtur það útbreiðslu þekkingarinnar og vísindavirkni Landspítala verður sýnilegri.



Ungir styrkharfar Vísindasjóðs Landspítala ásamt Páli Matthíassyni forstjóra og Rósu Björk Barkardóttur, formanni vísindaráðs

Tíu ungir vísindamenn Landspítala fengu styrk til klínískra rannsókna

Vísindasjóður Landspítala veitti ungum vísindamönnum spítalans styrk til klínískra rannsókna og fór afhendingin fram 15. desember 2016 í Hringstal.

Styrkþegararnir gerðu grein fyrir rannsóknum sínum. Hver styrkur nam einni milljón króna. Meðal viðstaddra var Jón Atli Benediktsson rektor Háskóla Íslands.

Andri Leó Lemarquis

Rannsókn: Sértaekir gallar í B frumþroskun IgA skort – leit að einstaklingsmiðaðri meðferð sjálfsonæmissjúkdóma hjá einstaklingum með ónæmisgalla. Með-umsækjandi: Björn Rúnar Lúðvíksson. Aðrir samstarfsmenn: Ingileif Jónsdóttir, Lennart Hammarström, Helga Kristín Einarsdóttir, René Toes Associate.

Áróra Rós Ingadóttir

Rannsókn: Áhrif næringardrykkja í samanburði við orku- og próteinríkar millimátidör á lífsgæði, líkamsþyngd og hreyfifærni hjá sjúklingum með langvinna lungnaþembu: slæmbidreifð íhlutunarrannsókn. Meðumsækjandi: Ingibjörg Gunnarsdóttir. Aðrir samstarfsmenn: Þórarinn Gíslason, Alfons Ramel, Ólöf Guðný Geirsdóttir, Christine Baldwin, Anne Marie Beck.

Berglind Hálfánsdóttir

Rannsókn: Heilsufars- og áhættuflokkun og útkoma fæðinga á þverfræðilegri fæðingardeild á Íslandi. Meðumsækjandi: Helga Gottfreðsdóttir. Aðrir samstarfsmenn: Anna Sigríður Vernharðsdóttir, Hulda Hjartardóttir.

Helga Kristín Einarsdóttir

Rannsókn: Hlutverk TLR viðtaka í afbrigðilegri B-eitilfrumusvörun í íslenskum fjölskyldum með ættlæga einstofna mótefnahækkun. Meðumsækjandi: Jón Þór Bergþórsson náttúrufræðingur. Aðrir samstarfsmenn: Helga M. Ögmundsdóttir, Vilhelmina Haraldsdóttir, Hlíf Steingrímsdóttir.

Helga María Grétarsdóttir

Rannsókn: Algengi og framrás arfgengs blöðrunýrnasjúkdóms með ríkjandi erfðamáta. Meðumsækjandi: Runólfur Pálsson. Aðrir samstarfsmenn: Ólafur Skúli Indriðason.

Hrafnhildur Linnét Runólfssdóttir

Rannsókn: Faraldsfræði, birtingarmynd og aðdrif sjúklinga með APRT-skort. Með-umsækjandi: Viðar Örn Eðvarðsson. Aðrir samstarfsmenn: Ólafur Skúli Indriðason, Dawn S. Milliner, Patrick Sulem auk samstarfsaðila frá Mayo Clinic, Rochester, Minnesota og New York University, New York.

Jóhann Páll Hreinsson.

Rannsókn: Spálíkan sem segir til um hvaða sjúklinga sem koma á bráðamóttöku með bráða blæðingu frá nedri hluta meltingarvegjar er óhætt að útskrifa heim: Framsýn gildingarrannsókn. Meðumsækjandi: Einar S. Björnsson.

Kristinn Kristinsson

Rannsókn: Notkun á líkindalíkönunum til að meta líkur á aukaverkunum út frá geisladreifingu við geislameðferð á blöðruhálskirtilskrabbameini. Meðumsækjandi: Garðar Mýrdal. Aðrir samstarfsmenn: Jón Hrafnkelsson.

Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir

Rannsókn: Vitraent mat og endurhæfing ungs fólks eftir geðrof. Meðumsækjandi: Engilbert Sigurðsson. Aðrir samstarfsmenn: Brynja B. Magnúsdóttir, Berglind Guðmundsdóttir, David Roberts, Nanna Briem.

Pórir Einarsson Long

Rannsókn: Vægur bráður nýrnaskaði í kjölfar skurðaðgerðar: Nýgengi og aðdrif sjúklinga. Meðumsækjandi: Ólafur Skúli Indriðason. Aðrir samstarfsmenn: Martin Ingi Sigurðsson, Tómas Guðbjartsson, Gísli Heimir Sigurðsson, Runólfur Pálsson, Daði Helgason, Sólveig Helgadóttir.

Starfsmenn sem hlutu framgang í starfi við Háskóla Íslands á árinu 2016

Helga Gottfreðsdóttir - framgangur í prófessor

Brynjólfur Mogensen - framgangur í prófessor

Ólöf Guðný Geirsdóttir - framgangur í dósent



Heilbrigðisvísindabókasafnið og vísindadeildin flutt

Um mitt ár 2016 flutti vísindadeild spítalans, þar með talið Heilbrigðisvísindabókasafn LSH og HÍ, frá Eirbergi sem var orðið ónothæft til mannvistar vegna rakaskemmda. Nú er starfsemin komin í skrifstofuhúsnæði við Rauðarárstíg 10. Aðstaða er þar að flestu leyti betri en í Eirbergi en aðgengi nemenda að húsnæðinu er erfiðara vegna fjarlægðar frá spítalanum og Háskólanum. Þetta undirstrikar mikilvægi þess að húsnæði fyrir bæði spítalann og heilbrigðisvísindasvið Háskólans verði reist sem allra fyrst.

Vísindadeild Landspítala er nú til húsa að Rauðarárstíg 10.